

Samiðn leggur áherslu á að keðjuábyrgð (samábyrgð aðlaverktaka) taki einnig til íslenskra starfsmanna

Samiðn fagnar hugmyndum sem uppi eru um breytingar á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda erlenda starfsmenn tímabundið til Íslands. Með breytingunum er m.a gert ráð fyrir ábyrgð notendafyrirtækis í byggingastarfsemi eða mannvirkjagerð á vangoldnum lágmarkslaunum starfsmanna erlendra verktaka í þeirra þjónustu og starfsmannaleiga.

Miðstjórnin skorar á félags-og jafnréttismálaráðherra að tryggja að frumvarp að breytingunum verði lagt fyrir Alþingi og það verði afgreitt á yfirstandandi þingi. Jafnframt beinir miðstjórnin því til Alþingis að tryggja að ábyrgðin taki einnig til starfsmanna íslenskra undirverktaka og þannig verði tryggt jafnræði erlendra og íslenskra starfsmanna.

Reykjavík, 3. apríl 2017